



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Mannréttinda og ofbeldisvarnarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Beiðni formanns mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs um upplýsingar frá SFS og VEL vegna viðbragða/aðgerða í kjölfar aukins ofbeldis meðal ungs fólks. Beiðnin kemur í kjölfar þeirra atburða sem hafa verið til umfjöllunar í fjölmiðlum á liðnum vikum.

Á öllum miðstöðvum velferðarsviðs er unnið samkvæmt samræmdu verklagi þegar upp koma alvarleg mál, s.s. ofbeldismál sem litið er á sem bráðamál. Þá leggur hópur sérfræðinga innanhúss frá sér önnur störf og sinnir gerenda/gerendum, þolenda/þolendum og þeim sem verða vitni eða verða fyrir ógn af meintu ofbeldi. Áhersla er á að veita ráðgjöf og lausnir til að draga úr líkum á að ofbeldi sé aftur beitt. Viðbrögð eru samræmd í takt við farsældarlög, innan verkefnisins Betri borg fyrir börn og samráð haft við skóla- og frístundastjórnendur, foreldra/foreldrahópa, lögreglu, Barnavernd og nemendahópa, eftir því sem við á. Mikil áhersla er lögð á að vinna með viðkomandi heimilum en foreldrar eru í lykilhlutverki í öllu samstarfi. Skoðað er hvort þörf sé á samþættri þjónustu í þágu farsældar barns.

Til að fyrirbyggja ofbeldishegðun barna eru í boði ýmis úrræði á vettvangi skólans og á vegum miðstöðva í gegnum Keðjuna. Nefna má sem dæmi ýmis úrræði fyrir foreldra í tengslum við uppeldisfræðslu, tilfinningastjórnun og félagsfærniþjálfun. Einnig eru ýmis úrræði í boði innan leik – og grunnskólanna, frístundaheimila og félagsmiðstöðva sem lúta að grundvallarþáttum mennta-stefnunnar; félagsfærni, sjálfsefning, læsi, sköpun og heilbrigði.

Starfsmenn miðstöðva hafa líka tekið þátt í að mennta kennara og stjórnendur í grunnfræðum PMTO meðferðar til að gera þá færari í að bregðast við neikvæðri hegðun barna. Ráðgjafar miðstöðva sem sinna ráðgjöf við börn, fjölskyldur og stofnanir, hafa veitt hagnýt ráð til starfsfólks skóla og foreldra hvernig eigi að fyrirbyggja og bregðast við ofbeldi. Miðstöðvar leggja jafnframt áherslu á bekkja- og einstaklingsvinnu verkefnisstjóra félagsauðs og frístunda og unglingaráðgjafa, sem bregðast við því ástandi sem er hverju sinni.

Verið er að móta nýtt vinnulag á miðstöðvum með tilkomu samfélagslögreglu sem er mikið framfaraskref. Vonast er til að búið verði að manna í öll störf samfélagslögreglu með haustinu.

Teymi undir forystu skóla- og frístundsviðs er starfrækt þvert á miðstöðvar í kringum kynferðislegt áreiti og ofbeldi.

Félagsmiðstöðvarnar hafa einnig breytt vinnulagi til að bregðast við stöðunni. Aukið hefur verið við vettvangsstarf og félagsmiðstöðin Flotinn verður með lágmarksstarfsemi til 20. júlí nk.

Allar miðstöðvar sitja reglubundna fundi með helstu samstarfsaðilum til að fara yfir stöðuna í viðkomandi hverfi. Eins og fram hefur komið mun tilkoma samfélagslögreglu skipta miklu máli í því samstarfi.

Miðstöðvar/Betri borg fyrir börn leggja mikla áherslu á forvarnarvinnu með áherslu á að ýta undir jákvæð samskipti barna og unglinga, stuðla að því að börnum og unglíngum líði vel í sínum jafningjahópi, stöðva óæskilega hegðun og talsmáta í barna- og unglíngahópum, ásamt því að samstillja alla þá sem starfa með börnum og unglíngum til að gera hverfin enn betri fyrir börn og ungmenni.

Í þessum tilgangi er forvarnarverkefnið **Dalurinn okkar** að fara af stað á Norðurmiðstöð. Í Norðurmiðstöð er einnig starfandi Foreldraþorpið, en innan þess hóps er stöðug umræða um hvernig hægt sé að gera hverfið enn betra fyrir börnin og unglíngana. Austurmiðstöð hélt til að mynda málþing og vinnusmiðju í Hörpu í mars sl., fyrir alla 9. bekkinga í borgarhlutanum, alls um 500 unglínga, um ofbeldi og viðbrögð við því. Í Suðurmiðstöð er **Senter** verkefnið starfrækt þar sem lögð er áhersla á að formgera samstarf og viðbragðsflýti allra sem koma að málum unglínga í Breiðholti. Með tilkomu Senter er hægt að bregðast hratt við áhættuhegðun og hegðunarvanda unglínga á samræmdan og markvissan hátt. Þverfagleg samvinna lykilstofnana er mynduð með teymi fulltrúa frá hverri stofnun. Viðbrögð í hverju máli eru samræmd þvert á stofnanir. Miðstöðvar hafa jafnframt verið með mánaðarlega opna fræðslufundi fyrir foreldra um ýmsa þætti sem snúa að börnum og eru styrkjandi til að sporna við ofbeldi.

Mikil meðvitund er hjá öllu starfsfólki miðstöðva/Betri borgar fyrir börn um aukið ofbeldi í umhverfinu og fjölgun hnífaburðar, sem birtist innan skóla, á opnum svæðum og einnig inn í neyðarskýlum Reykjavíkurborgar. Starfsmenn félagsmiðstöðva eru einnig að sjá ofbeldið færast yfir á nýjan tíma dagsins, þar sem ofbeldismál eru að koma upp frá því að skóli hættir og þar til að almennur vinnudagur endar eða frá kl. 14:00 til 17:00. Þetta er tími sem börnin eru oft ekki í skipulögðu starfi og eru því í meiri hættu hvort heldur sem gerendur eða þolendur.

Framkvæmdastjórn velferðarsviðs hefur átt fund með lykilaðilum á skóla- og frístundasviði varðandi möguleg viðbrögð í sumar, þegar skólar eru ekki starfandi. Tryggt verður að af hálfu velferðarsviðs verði unnið eftir settum verkferlum og skóla- og frístundasvið hefur áform um viðbrögð innan sinnar starfsemi, auk þess sem viðbrögð verða samþætt í gegnum Betri borg fyrir börn.

Virðingarfyllst,



Rannveig Einarssdóttir
sviðsstjóri velferðarsviðs